



Til: Halldór Jóhannsson <halldor@arcticportal.org>

Afrit: langanesbyggd@langanesbyggd.is

Efni: Re: Langanesbyggð - skipulagslýsing - ósk um umsögn.

Upplýsingar: Sent: 21.08.2018 12:38:17 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018080003, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018080003

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Langanesbyggð, dags. 3. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027. Um er að ræða breytingar sem eingöngu varða fjölgun efnisnáma vegna óska Vegagerðarinnar.

Samkvæmt skipulagslýsingunni og samkvæmt skoðun Náttúrufræðistofnunar á loftmyndum eru allar efnisnámunar sem óskað er eftir að staðfesta í aðalskipulagi nú þegar á svæðum sem hefur verið raskað með efnistöku. Engar nýju námanna eru innan friðlýsts svæðis eða annarra svæða á náttúruminjaskrá.

Í kafla 2.2.1.1 Efnistökusvæði er fjallað um stefnumið og leiðir að stefnumiðum. Í kaflanum er vísað í lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og einnig er vísað í skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997. Bæði þessi lög eru fallin úr gildi og réttara er því að fjalla um þessi atriði í samræmi við m.a. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og ákvæða í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sjá hér að neðan.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Halldór Jóhannsson <halldor@arcticportal.org>
Date: 08/03/2018 01:38:53 PM
To: ni@ni.is
Subject: Langanesbyggð - skipulagslýsing - ósk um umsögn.

Góðan daginn.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 31.07.2018 að kynna skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027.

Breytingin er vegna fjölgunar efnistökusvæða til viðhalds og uppbyggingar vega í sveitarfélaginu.

Skipulagslýsingin er hér í viðhengi.

Fyrir hönd sveitarfélagsins er óskað umsagnar Náttúrufræðistofnunar um lýsinguna.

Bestu kveðjur

Halldór
Halldór Jóhannsson
Executive Director
Arctic Portal - Teikn á lofti
www.arcticportal.org
Skipagata 12 - 600 Akureyri
Tel: +354 461 2800 / Gsm + 354 899 2828
Iceland
halldor@arcticportal.org